

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Lindargata 28-32.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti borgarráð Reykjavíkur þann 17. október 2013, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 28, 30 og 32 við Lindargötu. Í breytingunni felst m.a. sameining lóða og dýpkun á byggingarreit.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Arnargata 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti umhverfis- og skipulagsráð Reykjavíkur þann 12. febrúar 2014, breytingu á deiliskipulagi Fálkagöturéits vegna lóðarinnar nr. 10 við Arnargötu. Í breytingunni felst að byggt verður við húsið.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkurborgar, 18. febrúar 2014.

Björn Axelsson.

B-deild – Útgáfud.: 4. mars 2014